

FUNDARGERÐ 469. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs. kt. 510588-1189, var haldinn þann 8. júlí 2022 kl. 8:00. Fundurinn fór fram um fjarfundarbúnað.

Um var að ræða fyrsta fund nýrrar stjórnar og voru eftirtaldir aðalmenn sem aðildarsveitarfélög SORPU bs. höfðu skipað í stjórn samlagsins mættir:

Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson fyrir Garðabæ, varamaður hans er Sigríður Hulda Jónsdóttir.

Valdimar Víðisson fyrir Hafnarfjörð, varamaður hans er Kristinn Andersen.

Orri Hlöðversson fyrir Kópavog, varamaður hans er Sigrún Hulda Jónsdóttir.

Aldís Stefánsdóttir fyrir Mosfellsbæ, varamaður hennar er Sævar Birgisson.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir fyrir Reykjavík, varamaður hennar er Magnea Gná Jóhannsdóttir.

Svana Helen Björnsdóttir fyrir Seltjarnarnes, varamaður hennar er Ragnhildur Jónsdóttir.

Einnig voru á fundinum eftirfarandi starfsmenn samlagsins: Framkvæmdastjóri Jón Viggó Gunnarsson, fjármálastjóri Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir og þróunar- og samskiptastjóri Gunnar Dofri Ólafsson. Auk þess var á fundinum Haraldur Flosi Tryggvason Klein, lögmaður samlagsins sem annaðist ritun fundargerðar.

Boðuð **dagskrá** fundarins skv. fundarboði, dags. 30. júní 2022, var sem hér segir:

1. Kjör formanns og varaformanns í samræmi við 4. gr. stofnsamnings aðildarsveitarfélaga SORPU bs. frá 1. janúar 2007.
2. Val á tveimur fulltrúum stjórnar í samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi.
3. Starfsáætlun stjórnar og ákvörðun um fundartíma stjórnar.
4. Breytingar á gjaldskrá í samræmi við vísitölubreytingar.
5. Endurnýjun á samningi um rekstur grenndarstöðva.
6. Helstu verkefni SORPU bs. stutt samantekt.
7. Önnur mál.
8. Næsti fundur.

Eftirtalin **gögn** voru send til stjórnarmanna fyrir fundinn:

1. Kynning framkvæmdastjóra og fjármálastjóra á tillögum um breytingar á gjaldskrá í samræmi við vísitölubreytingar auk viðeigandi verðskrár þar sem áhrifa verðhækkana fyrir hvern lið var getið.
2. Tillaga framkvæmdastjóra um endurnýjun samnings um rekstur grenndarstöðva auk samningsins sjálfs.

Auk þess hafði stjórnarmönnum verið send eftirtalin gögn til kynningar:

1. Stofnsamningur SORPU bs., dags. í maí 2007.
2. Eigendastefna SORPU bs., dags. í apríl 2013.
3. Siðareglur stjórnar SORPU bs., dags. 7. nóvember 2014.
4. Starfsreglur stjórnar SORPU bs., dags. 14. október 2016.
5. Áhættustefna SORPU bs., undirrituð í ágúst 2021.
6. Eigendasamkomulag SORPU bs., dags. 25. október 2013, ásamt viðauka, dags. 6. júlí 2020.
7. Handbók um úrgangsstjórnun gefin út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í júlí 2022

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Þar sem um fyrsta fund stjórnar var að ræða var samkvæmt venju aldursforseta meðal mætttra stjórnarmanna, Orra Hlöðverssýni, falið að stýra fyrsta dagskrárlið. Var þá gengið til dagskrár:

1. Kjör formanns og varaformanns.

- Valdimar Víðisson var einróma kjörinn formaður stjórnar og Árelía Eydís Guðmundsdóttir var einróma kjörin varaformaður.

Tók þá nýkjörinn formaður við stjórn fundarins.

2. Val á tveimur fulltrúum stjórnar í samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi.

- Stjórn fól nýkjörnum formanni og varaformanni að taka sæti í samráðsnefndinni fyrir hönd SORPU.

3. Starfsáætlun stjórnar og ákvörðun um fundartíma stjórnar.

- Ákveðið var að stjórn skyldi funda reglulega mánaðarlega á síðasta föstudegi í mánuði kl. 14.00.
- Ákveðið var að starfsdagur stjórnar og framkvæmdastjórnar skildi haldinn 9. september 2022. Gert er ráð fyrir að starfsdagur hefjist að morgni en lengd hans verður ákveðin síðar.

4. Breytingar á gjaldskrá í samræmi við vísitölubreytingar.

- Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri kynntu tillögu að venjubundinni breytingu á gjaldskrá samlagsins til samræmis við vísitölupróun til og með mánaðarmóta maí-júní 2022 (hlutfall byggingarvísitölu 75% og launavísitölu 25%). Fram kom að hækkunina leiddi af skyldu SORPU til að framfylgja greiðslureglu laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem felur í sér að tryggt skuli að sá sem skilar úrgagni skuli að lágmarki greiða raunkostnað við meðhöndlun hans.
- Samþykkt var 6,43% hækkun allra liða í gjaldskrá utan liða sem varða endurvinnsluefni. Hækkunin skal taka gildi frá og með 15. júlí 2022.

5. Endurnýjun á samningi um rekstur grenndarstöðva.

- Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að nýta samningsbundna heimild til framlengingar á samningi SORPU við Terra hf. (áður Gámaþjónustan hf.), dags. 22. október 2015, um þjónustu við grenndarstöðvar fyrir pappírsefni, plast og gler.
- Helstu rök fyrir framlengingu samningsins voru þau að ekki væri lokið að fullu samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. útfærslu og staðsetningu grenndarstöðva. Æskilegt væri að byggja á gildandi samningi þar til niðurstaða í þeim málum lægi fyrir.
- Tillagan var samþykkt og framkvæmdastjóra falin framkvæmd málsins.

6. Helstu verkefni SORPU bs. stutt samantekt.

- Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega verkefni SORPU og helstu áskoranir þeim tengd.

7. Önnur mál.

- Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson óskaði að bókað yrði að æskilegt væri að fundargerðir væru nægilega ítarlegar til þess að stjórnarmenn og sveitarstjórnarmenn geti glöggvað sig vel á þeim ákvörðunum sem verið er að taka hverju sinni.
- Svana Helen Björnsdóttir óskaði eftir gögnum og eftir atvikum upplýsingum um:
 - I. Fyrirliggjandi sjálfsmat stjórnar.
 - II. Fyrirliggjandi viðhorfskannanir.

- III. Fyrirliggjandi áhættumat og skipan áhættunefndar.
- IV. Fyrirkomulag endurskoðunarnefndar og skipan hennar.
- V. Ráðningarsamning framkvæmdastjóra SORPU.

Þá óskaði hún eftir skýringum á því hvað það væri sem kallað væri „Tippsvæði“ á Álfnesi. Loks óskaði hún eftir að gerð yrði samantekt um áhrif nýrrar löggjafar ESB sem gæti haft áhrif á áform um útflutning á brennanlegum úrgangi.

8. Næsti fundur.

- Ákveðið var að næsti fundur skyldi haldinn þann 26. ágúst 2022, kl. 8.00. (Ath. að fundartími er ekki á reglulegum fundartíma).